

Kjósarhreppur
Sigurður H. Ólafsson
Félagsgarði
270 Mosfellsbær

Reykjavík 13. ágúst 2020
UST202007-080/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Frístundabyggð við Sandsá - Eyjar II - Kjósarhreppur

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps er barst 7. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi undir frístundabyggð við Sandsá - Eyjar II í Kjósarhreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir 22 lóðum fyrir frístundahús á 14 ha svæði og á hverri lóð verði hægt að byggja eitt frístundahús og eitt aukahús. Tillagan gerir einnig ráð fyrir nýrri aðkomu inn á svæðið.

Forsendur - Umhverfisáhrif

Í greinargerð er svæðinu lýst út frá kortagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þar sem gert er ráð fyrir þverun yfir Sandsá að fjallað sé um lífríki árinna, t.d. um fiskgengd, og um umhverfisáhrif þverunarinnar.

Bakkagróður

Samkvæmt uppdrætti er gert ráð fyrir brú/ræsi yfir Sandsá, en lítið er fjallað um brúna/ræsið í greinargerð og hvernig framkvæmdum verður háttað. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skuli leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Aðgengi

Í tillögunni er skilgreint útivistarsvæði, m.a. meðfram ánni. Umhverfisstofnun tekur undir sem kemur fram í greinargerð að það sé nægt rými fyrir aðgengi almennings meðfram ánni að útivistargildi skerðist ekki sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr. 5.3.2.14., þar sem fjallað er um aðgengi almennings að vötnum, ám og sjó.

Ekki eru settir fram skilmálar um girðingar í tillögunni en Umhverfisstofnun telur mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga

nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjóltreida- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar, sem hér um ræðir, er Sandsá en áin hefur vatnshlotsnúmerið 104-772-R undir stjórn vatnamála. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðapætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur